

Erindi til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
Afrít sent á: formann bæjarráðs Ísafjarðarbæjar og bæjarritara

Flateyri, 23. október 2020

Góðan dag,

Í greinargerð sem skipaður starfshópur í kjölfar snjóflóðanna á Flateyri sendi frá sér og skv. minnisblaði verkefnisstjórnar forsætis, fjármála- og efnahags- og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis sem sent var sömu ráðuneytum er lagt til að veitt verði stofnframlag úr ríkissjóði vegna nemendagarða Lýðskólans á Flateyri, allt að 6 milljónir gegn sambærilegu framlagi frá Ísafjarðarbæ. Tillaga þessi byggir á minnisblaði sem sent var af formanni stjórnar Lýðskólans (Runólfur Ágústsson) í samvinnu við þáverandi formann stjórnar Nemendagarða Lýðskólans (Óttar Guðjónsson), dagsettu 22. janúar 2020, til fulltrúa forsætisráðuneytis í starfshópnum ásamt kostnaðaráætlun um endurbætur á umræddu húsnæði nemendagarðanna (Eyrarvegur 8, 425 Flateyri). Í minnisblaðinu kemur sú eindregna ósk fram að Lýðskólinn geti þar með hætt notkun á smáhýsum sem standa á hættusvæði við höfnina.

Málið er í vinnslu hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) og er svara um framkvæmd þessa að vænta á næstu dögum. Afgreiðsla á umræddu stofnframlagi HMS er þó háð því að til komi sambærilegt framlag frá Ísafjarðarbæ.

Hér með er óskað eftir því að bæjarráð Ísafjarðarbæjar taki málið til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu á fundi sínum sem allra fyrst.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Nemendagarða Lýðskólans á Flateyri

Egill Ólafsson  
[egill@afish.is](mailto:egill@afish.is)  
s. 869 0877

Hjálögð er kostnaðaráætlun sem unnin var í janúar af Vestfirskum verktökum vegna málsins.